

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/360

2020/EES/50/14

frá 17. desember 2019

um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í platínuhúðuð platínurafskaut, sem eru notuð til að mæla tiltekna eðlisleiðni, í því skyni að laga viðaukann að framförum á sviði vísinda og tækni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinnna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2011/65/ESB er þess krafist að aðildarríkin tryggja að raf- og rafeindabúnaður, sem settur er á markað, innihaldi ekki hættulegu efni sem eru skráð í II. viðauka við þá tilskipun. Sú takmörkun gildir ekki um tiltekna undanþegna notkun sem er sértæk fyrir lækningatæki og vöktunar- og eftirlitstæki og er skráð í IV. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem tilskipun 2011/65/ESB gildir um, eru skráðir í I. viðauka við þá tilskipun.
- 3) Blý er efni sem sætir takmörkunum og er skráð í II. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB.
- 4) Með framseldri tilskipun 2014/73/ESB ⁽²⁾ veitti framkvæmdastjórnin undanþágu fyrir notkun blýs í platínuhúðuð platínurafskaut, sem eru notuð til að mæla eðlisleiðni, þar sem tiltekin skilyrði gilda (hér á eftir nefnd undanþágan) með því að bæta viðeigandi notkun í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB. Undanþágan átti að renna út 31. desember 2018 í samræmi við þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. þeirrar tilskipunar.
- 5) Framkvæmdastjórninni barst umsókn um endurnýjun á undanþágunni (hér á eftir nefnd beiðnin um endurnýjun) 30. júní 2017 sem er innan þess frests sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Í samræmi við það ákvæði gildir undanþágan áfram þangað til ákvörðun um beiðnina um endurnýjun hefur verið samþykkt.
- 6) Mat á beiðninni um endurnýjun fól í sér samráð við hagsmunaaðila í samræmi við 7. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB.
- 7) Platínuhúðuð platínurafskaut sem innihalda blý eru notuð í sérhæfð tæki til mælinga sem útheimta tiltekna mælieiginleika eins og breitt svið, mikla nákvæmni eða mikinn áreiðanleika fyrir mikinn styrk síru og basa.
- 8) Vegna skorts á áreiðanlegum staðgöngukostum er sem stendur vísindalega og tæknilega ekki mögulegt, að því er varðar þá notkun sem um er að ræða, að skipta út blýi eða taka það út í tilteknum mælitækjum. Umsóknin um endurnýjun er í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽³⁾ og dregur því ekki úr umhverfis- og heilsuvernd sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 67, 5.3.2020, bls. 109. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2020 frá 12. Júní 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

⁽²⁾ Framseld tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2014/73/ESB frá 13. mars 2014 um breytingu á IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB, að því er varðar undanþágu fyrir blý í platínuhúðuð platínurafskaut, sem eru notuð til að mæla eðlisleiðni, í því skyni að laga viðaukann að tækniframförum (Stjtið. ESB L 148, 20.5.2014, bls. 80).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu (Stjtið ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

- 9) Því er rétt að heimila endurnýjun undanþágunnar.
- 10) Endurnýja ætti undanþáguna í hámarkstíma sem nemur 7 árum til 31. desember 2025 í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2011/65/ESB. Að teknu tilliti til árangurs í yfirstandandi viðleitni til að finna áreiðanleg staðgönguafni er ólíklegt að tímalengd þessarar undanþágu hafi skaðleg áhrif á nýsköpun.
- 11) Því ætti að breyta tilskipun 2011/65/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2021. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. apríl 2021.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríki skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæðin úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslu 37 í IV. viðauka við tilskipun 2011/65/ESB kemur eftirfarandi:

„37.

Blý í platínuhúðuð platínurafskaut sem eru notuð til að mæla eðlisleiðni þar sem a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum á við:

- a) mælingar á breiðu sviði eðlisleiðni sem nær yfir meira en eitt stærðarþrep (t.d. svið á bilinu 0,1 mS/m og 5 mS/m) sem fara fram á tilraunastofum til að mæla styrk sem er óþekktur,
- b) mælingar á lausnum þar sem krafist er nákvæmni sem nemur $\pm 1\%$ af sýnatökubílinu og þar sem krafist er mikils tæringarþols rafskautsins fyrir eftirfarandi:
 - i. lausnir með sýrustig undir pH 1,
 - ii. lausnir með basavirkni yfir pH 13,
 - iii. ætandi lausnir sem innihalda halógenlofttegundir,
- c) mælingar á eðlisleiðni sem er meiri en 100 mS/m sem verða að fara fram með færanlegum mælitækjum.

Fellur úr gildi 31. desember 2025.“
